

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXXVI. árgangur.

2. hefti.

1996

Fimmtudaginn 29. febrúar 1996.

Nr. 119/1995.

Fjölur hf.

(Reynir Karlsson hrl.)

gegn

Hraðfrystihúsi Eskifjarðar hf.

(Sigmundur Hannesson hrl.)

og gagnsök

Fjárnám. Gjaldþrotaskipti. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Arnljótur Björnsson og Hrafn Bragason.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 4. apríl 1995 og krefst þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 2.932.962 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá 6. apríl 1993. Auk þess krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. júní 1995 og krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur um annað en málskostnað. Hann gerir kröfu um málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Svo sem greinir í héraðsdómi, gerði sýslumaðurinn í Bolungarvík 15. febrúar 1993 fjárnám í loðnufarmi, sem var um borð í fiskiskipinu Júpíter, RE 161. Var fjárnámið gert að beiðni aðaláfrýjanda fyrir kröfu hans á hendur Júpíter hf., að fjárhæð 2.848.708 krónur, auk vaxta og kostnaðar. Fjárnámið var endurupptekið 6. apríl 1993 eftir kröfu aðaláfrýjanda, sem vísaði í því sambandi til 4. tl. 66. gr.,

sbr. 4. mgr. 57. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Gerði sami sýslumaður þá fjárnám „í greiðslu ... kröfu“ fyrir áðurnefndan loðnufarm, en hún var þá fallin í gjalddaga og í höndum gagnáfrýjanda. Samdægurs ritaði sýslumaður gagnáfrýjanda bréf og tilkynnti honum um hið endurupptekna fjárnám. Jafnframt krafðist sýslumaður greiðslu kröfunnar, sem þá var að fjárhæð 2.932.962 krónur. Gagnáfrýjandi sinnti hvorki þessari kröfu sýslumanns né ítrekuðum áskorunum lögmanns aðaláfrýjanda um uppgjör á fjárnámsskuldinni. Ekki var leitað liðsinnis sýslumannsins á Eskifirði til að ná vörslum fjárins úr hendi gagnáfrýjanda. Var það í vörslum hans þar til 21. apríl 1993, eins og síðar verður vikið að.

Í bréfi til Héraðsdóms Vestfjarða 7. apríl 1993 beiddist lögmaður gerðarþola þess, að fjárnámssgerðirnar yrðu felldar úr gildi, sbr. 15. kafla laga nr. 90/1989 um úrlausn ágreinings eftir lok aðfarargerðar. Héraðsdómarinn mun ekki hafa tekið fyrir þessa beiðni lögmannsins.

II.

Í héraðsdómi segir frá því, að bú Júpíters hf. hafi samkvæmt beiðni stjórnar félagsins 13. apríl 1993 verið tekið til gjaldþrotaskipta 16. apríl 1993. Þremur dögum síðar ritaði skiptastjóri í þrotabúinu gagnáfrýjanda bréf og krafðist greiðslu á hinu umdeilda andvirði loðnufarmsins. Varð gagnáfrýjandi við kröfu skiptastjórans og greiddi honum 2.932.000 krónur 21. apríl 1993.

Pegar skiptastjórinn ritaði gagnáfrýjanda áðurnefnt bréf 19. apríl 1993 og krafði hann greiðslu, voru aðeins liðnir 13 dagar, síðan sýslumaðurinn í Bolungarvík tilkynnti gagnáfrýjanda um hið endurupptekna fjárnám og óskaði eftir, að hann greiddi fjárnámsskröfuna. Hinn 5. mars 1993 hafði lögmaður gerðarþola tilkynnt gagnáfrýjanda um, að ágreiningur væri um lögmæti fjárnámssgerðarinnar frá 15. febrúar, og yrði honum skotið til Héraðsdóms Vestfjarða. Fór lögmaðurinn þess á leit við gagnáfrýjanda, að hann ráðstafaði ekki greiðslum fyrir loðnufarminn, fyrr en héraðsdómur hefði skorið úr um lögmæti fjárnámsins.

Pegar þetta er virt, verður það ekki metið stjórnendum gagnáfrýjanda til sakar, að þeir höfðu ekki farið að tilmælum sýslumannsins í Bolungarvík, þegar þeim barst krafa skiptastjórans.

Telja verður, að gagnáfrýjanda hafi verið skylt að greiða þrotabúinu fé þetta, sbr. 1. mgr. 138. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl., enda haggja reglur laga nr. 90/1989 ekki nefndu ákvæði laga nr. 21/1991 um, að fjárnám í eign þrotamanns á síðustu sex mánuðum fyrir frest dag falli sjálfkrafa niður við uppkvaðningu úrskurðar um töku bús til gjaldþrotaskipta.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður ekki talið, að gagnáfrýjandi beri skaðabótaábyrgð á tjóni því, sem aðaláfrýjandi krefur hann um bætur fyrir í máli þessu. Ber því að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um sýknu gagnáfrýjanda.

Eftir þessum úrslitum er rétt að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað, eins og segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Gagnáfrýjandi, Hraðfrystihús Eskifjarðar hf., skal vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Fjölnis hf.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 250.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Austurlands 10. janúar 1995.

I.

Ár 1995, þriðjudaginn 10. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Austurlands, sem háð er í dómsalnum að Lyngási 15, Egilsstöðum, kveðinn upp dómur í málinu nr. E-46/1994, sem tekið var til dóms eftir endurflutning 2. janúar sl., en málið var þingfest 4. maí sl.

Mál þetta er höfðað með stefnu, út gefinni 6. apríl 1994, af Fjölni hf., kt. 490775-0219, Mávakambi 2, Bolungarvík, á hendur Magnúsi Bjarnasyni, kt. 151230-2109, Hátúni 5, Eskifirði, sem stjórnarformanni f. h. Hraðfrystihúss Eskifjarðar hf., kt. 630169-4299, Strandgötu 39, Eskifirði. Dómkröfur stefnanda eru, að stefndi verði dæmdur til greiðslu 2.932.962 króna með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 6. apríl 1993 til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða sér málskostnað að skaðlausu.

Málavextir.

Með aðfararbeiðni, dagsettri 1. febrúar 1993, til sýslumannsins í Bolungarvík krafðist stefnandi, að fjárnám yrði gert hjá Júpíter hf., Bolungarvík, til tryggingar kröfu stefnanda á hendur fyrirtækinu. Var krafan að fjárhæð 3.937.831 kr. auk vaxta og kostnaðar, en að frá dregnum innborgunum, 1.950.000 kr. eða 2.848.708 kr. Hin um beðna fjárnámsgerð fór fram hjá sýslumanni 15. febrúar 1993. Eftir ábendingu stefnanda var gert fjárnám „fyrir kröfum hans í 1330 tonna loðnufarmi, sem nú er um borð í mb. Júpíter, RE-161“, eins og bókað var í gerðabók sýslumanns, en skipið og aflinn var í eigu gerðarþola. Júpíter, RE-161, landaði aflanum hjá stefnda. Lögmaður stefnanda tilkynnti stefnda um fjárnámið með símbréfi sama dag. Í bréfi lögmannsins segir m. a., að heimilt sé „að taka við aflanum og meðhöndla hann með venjulegum hætti, en yður er algjörlega óheimilt að viðlagðri ábyrgð að lögum að ráðstafa greiðslum annað en til skrifstofu undirritaðs“. Með símbréfi stefnda til lögmanns stefnanda, dagsettu 16. febrúar 1993, var tilkynnt um, að brúttóverðmæti afla Júpíters, RE-161, hefði verið 4.431.510 kr. Kom fram, að aflinn yrði veðsettur hjá Landsbanka Íslands, en vegna ábyrgða, sem stefndi hefði tekið að sér vegna nefnds skips, og reikninga, sem stefndi hefði gengið að því að greiða, ætti skipið óverulegar eftirstöðvar hjá stefnda. Með símbréfi lögmanns stefnanda til stefnda sama dag var brýnt fyrir stefnda, að ráðstöfun aflaverðmætis farms skipsins væri með öllu óheimil umfram það, sem leiddi af ákvæðum 7. gr. laga nr. 24/1986, nema hægt væri að sýna fram á, að aðrir hefðu öðlast tryggingarréttindi, sem gengju framár þeim rétti stefnanda, sem hann öðlaðist við fjárnámið. Í bréfinu segir einnig: „Að því marki, sem þér hrazið til að ráðstafa öðrum andvirði farmsins umfram þessi mörk, verður Hraðfrystihús Eskifjarðar hf. sem vörslumaður þessara verðmæta gert persónulega ábyrgt fyrir þeim fjármunum.“

Með bréfi lögmanns stefnanda 1. mars 1993 sendi stefnandi stefnda yfirlit um stöðu kröfu stefnanda á hendur gerðarþola miðað við þann dag og óskaði eftir greiðslu að því marki, sem aðrir veðhafar hefðu ekki sannanlega eignast tryggingarréttindi í söluandvirði loðnuafllans.

Með bréfi lögmanns gerðarþola, Júpíters hf., sem er einnig lögmaður stefnda í þessu máli, til sýslumannsins í Bolungarvík, dagsettu 2. mars 1993, fór gerðarþoli þess á leit, að sér yrði látið í té staðfest endurrit fjárnámsins ásamt öllum bókunum í gerðabók vegna málsins. Segir í bréfinu, að gerðarþoli hyggist fá úrlausn héraðsdómara um fjárnámið, sbr. 15. kafla laga nr. 90/1989. Með bréfi lögmanns gerðarþola, dagsettu 5. mars 1993, var stefnda

tilkynnt um þessa beiðni gerðarpóla. Var farið fram á, að stefndi ráðstafaði eigi greiðslum vegna loðnufarmsins, fyrr en úrlausn Héraðsdóms Vestfjarða lægi fyrir. Með bréfi sýslumannsins í Bolungarvík, dagsettu 5. mars 1993, var lögmanni gerðarpóla sent staðfest endurrit fjárnámsins.

Með bréfi til sýslumannsins í Bolungarvík, dagsettu 31. mars 1993, óskaði lögmaður stefnanda eftir, að fjárnámsgerðin yrði endurupptekin og „tekið verði fjárnám í sjálfri greiðslunni fyrir loðnufarminum, sem nú er gjaldfallin og til reiðu, og þér takið síðan greiðsluna í yðar vörslu og afhendið gerðarbeiðanda síðan greiðsluna, sbr. heimild í 55. gr. aðfararlaga, að því marki, sem þurfa þykir til lúkningar kröfunni og fjárnámsandlagið, greiðslan, hrekkur til og hún hefur ekki með lögformlegum hætti verið veðsett öðrum, þegar aðfararveðið stofnaðist 15. febrúar sl.“, eins og það var orðað. Í beiðninni segir einnig m. a.: „Fjárnámið veitti gerðarbeiðanda heimild til að beiðast nauðungarsölu á hinni fjárnumdu kröfu að liðnum fjórum vikum frá lokum fjárnámsgerðar. Áður en kom að þeim tímamörkum, barst vitneskja um, að fjárnámspóli hygðist skjóta sjálfri fjárnámsgerðinni til héraðsdómara. Í millitíðinni hefur gjaldfallið krafa sú, sem fjárnámið var gert í, og greiðsla til reiðu, eftir því sem best er vitað. Af þeirri ástæðu er nú neytt heimildar 4. mgr. 57. gr. aðfararlaga til að beiðast endurupptöku fjárnámsins og að gert verði fjárnám í sjálfri greiðslunni í því skyni, að þér takið greiðsluna undir yður og afhendið gerðarbeiðanda að því marki, sem þurfa þykir til lúkningar kröfunni og samræmist rétti hans sem aðfararveðhafa í greiðslunni“.

Samkvæmt beiðninni nam krafa stefnanda á hendur gerðarpóla þá 2.932.962 kr.

Hinn 6. apríl 1993 var fjárnámið endurupptekið á skrifstofu sýslumannsins í Bolungarvík. Bókaði sýslumaður m. a.: „Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda er gert fjárnám í greiðslu ofangreindrar kröfu, sem verður afhent gerðarbeiðanda, eftir að hún hefur verið innt af hendi til embættisins. Sýslumaður mun hlutast til um, að handhafa greiðslunnar, Hraðfrystihúsi Eskifjarðar hf., verði tilkynnt um fjárnámið svo og gerðarpóla um endurupptökuna, og kalla eftir andvirði greiðslunnar til afhendingar handa gerðarbeiðanda.“

Mættum er kynnt efni þessarar bókunar, sem engar athugasemdir eru gerðar við.

Gerðinni þannig lokið.“

Gerðarpóli var ekki boðaður til endurupptöku fjárnámsins, en með símbréfi sýslumanns, sendu þennan sama dag, var stefnda tilkynnt um endurupptöku fjárnámsins. Í bréfinu segir einnig: „Þess er því hér með farið á

leit, að sá hluti ofangreindrar greiðslu, sem ekki hefur verið ráðstafað á lög-mætan hátt, verði lagður inn á reikning embættisins nr. 1 við Sparisjóð Bol-ungarvíkur. Heildarfjárhæð kröfunnar er nú 2.932.962“.

Með símbréfi lögmanns gerðarþola 7. apríl 1993 var Héraðsdómi Vest-fjarða send tilkynning um, að krafist væri úrlausnar dómsins á aðfarar-gerðinni frá 15. febrúar 1993.

Gerðarþoli, Júpíter hf., beiddist gjaldþrotaskipta á búi sínu 13. apríl 1993. Var búið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Vestfjarða 16. apríl 1993. Kveðst lögmaður gerðarþola hafa tilkynnt skiptastjóra um ágreining um lögmati aðfarargerðarinnar.

Í framhaldi af bréfflegri ósk skiptastjóra þrotabús Júpíters hf. greiddi stefndi 21. apríl 1993 þrotabúinu 2.932.000 kr. vegna afla Júpíters, RE-161. Voru upplýsingar um þá greiðslu stefnda til þrotabúsins staðfestar með bréfi skiptastjóra til lögmanns stefnanda, dagsettu 20. desember 1993. Lög-maður stefnanda hafði með bréfi 26. apríl 1993 ítrekað ósk sína og sýslu-mannsins í Bolungarvík um, að stefndi greiddi stefnanda inn á reikning sýslumanns.

Með bréfi, dagsettu 22. desember 1993, til stefnda setti lögmaður stefn-anda fram bótakröfu á hendur stefnda miðað við stöðu kröfunnar 6. apríl 1993, 2.932.962 kr., sem samkvæmt útreikningum hans væri ásamt vöxtum og kostnaði samtals 3.484.588 kr. Eftir fund lögmannna aðila og bréfflega ósk stefnanda um formlegt svar frá stefnda 1. febrúar 1994 var kröfu stefnanda með öllu hafnað með bréfi lögmanns stefnda, dagsettu 22. mars 1994.

Af gögnum málsins sést, að stefnandi lýsti þeirri kröfu, sem um er deilt í máli þessu, sem almennri kröfu í þrotabú Júpíters hf. 2. júní 1993. Hefur skiptastjóri ekki enn tekið afstöðu til kröfunnar.

III.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að með fjárnámsgerðinni frá 15. febrú-ar 1993 og síðar með endurupptöku á því fjárnámi 6. apríl 1993 hafi stefn-andi eignast lögvarinn rétt til þess að fá greiðsluna afhenta sér, sbr. 4. mgr. 57. gr. og 55. gr. laga nr. 90/1989, en rétti hafi ekki verið raskað, sbr. 50. gr. fyrri aðfararlaga nr. 19/1887. Þetta hafi Hæstiréttur Íslands staðfest með dómi frá 17. desember 1993 í málinu nr. 450/1993, þ. e., að sú grunnregla, sem komi fram í áðurnefndri 50. gr., sé enn í gildi.

Prátt fyrir kröfu sýslumannsins í Bolungarvík til stefnda í bréfi 6. apríl 1993 um að leggja greiðsluna inn á reikning embættis síns hafi stefndi ákveðið að greiða peningana þrotabúi Júpíters og þannig óhlýðnast lög-mæltum fyrirmælum löglegs stjórnvalds, sbr. áðurnefnda 55. gr. laga nr. 90/

1989. Slík háttsemi stefnda sé ólögmat og saknæm, sbr. 2. mgr. 106. gr. laga nr. 19/1940. Hafi þessi háttsemi stefnda valdið því, að stefnandi fékk ekki lögmæta kröfu sína greidda, eins og rétt hefði verið. Stefnandi hafi því orðið fyrir tjóni, sem stefnda beri að bæta honum. Þá hafi lögmaður stefnanda margoft með bréfum til stefnda gert stefnda það ljóst, að hann yrði látinn sæta ábyrgð að lögum, ef hann ráðstafaði peningunum andstætt fyrir mælum sýslumanns og í bága við hagsmuni stefnanda.

Tjón stefnanda miðist við kröfu stefnanda, eins og hún hafi verið 6. apríl 1993, er fjárnám var endurupptekið og gert í sjálfri greiðslunni fyrir loðnufarm Júpíters, RE-161. Dráttarvaxtakrafa stefnanda miðist við sama tíma. Hafi greiðslan þá verið gjaldfallin og til reiðu.

Kröfu sína um málskostnað styður stefnandi við 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991, en vaxtakröfu við III. kafla laga nr. 25/1987.

Við munnlegan flutning málsins kom fram hjá lögmanni stefnanda, að krafa stefnanda styddist einnig við almennu skaðabótaregluna, en samkvæmt orðalagi í stefnu væri það einnig fullljóst. Af hálfu lögmanns stefnda var ekki fallist á þann skilning lögmanns stefnanda, en þó var þeirri tilvísun lögmanns stefnanda ekki mótmælt sem of seint fram kominni.

IV.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi kveður ágreining um fjárnámið hafa staðið allt frá fyrsta fjárnámi 15. febrúar 1993, tapum mánuði áður en fjárnámið var endurupptekið, og hafi því verið vísað til efnisúrlausnar Héraðsdóms Vestfjarða 7. apríl 1993. Hafi stefnda þegar 5. mars 1993 verið tilkynnt um ágreining um lögmæti aðfarargerðarinnar, og jafnframt hafi gerðarþoli, Júpíter hf., brýnt fyrir stefnda að ráðstafa eigi fé þessu, fyrr en úrlausn Héraðsdóms Vestfjarða lægi fyrir. Endurupptaka fjárnámsgerðarinnar hafi farið fram, þótt stefnanda og sýslumanni hafi verið kunnugt um, að uppi hefði verið ágreiningur hjá dómstólum um fjárnámsgerðina.

Þá segir stefndi, að þrátt fyrir það að stefnanda og sýslumanni hafi verið það í löfa lagið, hafi þeir aldrei gert tilraun til þess að öðlast vörslur hins fjárnumda, þ. e. hvorki loðnufarmsins, sem verið hafi um borð í Júpíter, RE-161, 15. febrúar 1993, eða andvirði loðnufarmsins eftir endurupptöku fjárnámsins. Ekki hafi þeir heldur gert neinar tryggingarráðstafanir til þess að ná vörslum greiðslunnar í því skyni að knýja á um lögmæta ráðstöfun greiðslunnar á grundvelli fjárnámsins/endurupptökunnar. Hafi endurupptaka fjárnámsins falist í, að fjárnám hafi verið gert í greiðslu kröfu gerðarþola, sem verið hafi í vörslum stefnda. Það sjáist m. a. af eftirfarandi bókunum sýslumanns í aðfararbók:

Að greiðslan yrði afhent stefnanda, eftir að hún yrði innt af hendi til sýslumanns.

Að sýslumaður hlutaðist til um að tilkynna stefnda, handhafa greiðslunnar, um fjárnámið og gerðarpóla um endurupptökuna.

Að kalla eftir andvirði greiðslunnar til afhendingar handa stefnanda.

Það verði að teljast eðlileg viðbrögð stefnda við beiðni sýslumanns um afhendingu á hluta greiðslunnar að taka sér nokkurn umbóttunartíma til að vega og meta stöðuna með hliðsjón af ágreiningi þeim, sem upp var kominn með skrifum lögmanns stefnanda til stefnda og lögmanns gerðarpóla til stefnda. Eftir gjaldþrotaráurskurð yfir búi gerðarpóla hafi það hins vegar verið skýlaus skylda stefnda án tillits til þess ágreinings, sem uppi var, að afhenda skiptastjóra þau verðmæti, sem voru í vörslum hans og voru eign þrotabúsins, sbr. t. d. 82. gr. og 87. gr. laga nr. 21/1991. Þar sem fjárnámin hafi verið gerð á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag og stefnandi ekki náð vörslum hins fjárnumda, hafi fjárnámin sjálfkrafa fallið niður við töku bús Júpíters hf. til gjaldþrotaskipta skv. ákvæðum 1. mgr. 138. gr. laga nr. 21/1991. Önnur niðurstaða myndi valda réttaróvissu og búa kröfuhöfum ójafna stöðu við gjaldþrot. Þá kveður stefndi stefnanda ekki hafa reynt að ná peningunum úr vörslum þrotabúsins.

Vísar stefndi til 54. gr. laga nr. 90/1989 um það, að nauðungarsala hins fjárnumda eða önnur lögmæt ráðstöfun þess á grundvelli fjárnáms megi ekki fara fram án samþykkis eiganda þess, fyrr en fjórar vikur eru liðnar, frá því að fjárnám var gert. Ágreiningur um fjárnámserð fyrir héraðsdómara fresti einnig aðgerðum á grundvelli fjárnáms. Hafi stefnda þannig verið alls óskyldt að afhenda féð.

Þá hafi fjárnámið sjálfkrafa fallið niður skv. ákvæðum 60. gr. laga nr. 21/1991, þar sem stefnandi hafi ekki við haldið tryggingarréttindum sínum í ár, eftir að fjárnám fór fram.

Þá vísar stefndi einnig til 1. mgr. 56. gr. laga nr. 90/1989 um, að meginreglan sé, að gerðarþoli hafi rétt til að halda vörslum hins fjárnumda, þar til nauðsyn knýi á um annað.

Þá kveður stefndi, að stefnandi hafi ekki sannað tjón sitt, en krefjist þess hins vegar, að stefndi tvígreiði kröfuna. Hafi stefnandi ekki leitað eftir því með lögformlegum hætti að fá greiðsluna afhenta sér úr þrotabúi Júpíters hf., og geti hann því ekki átt lögvarða kröfu um skaðabætur úr hendi stefnda.

Stefndi mótmælir sérstaklega tilvísun stefnanda til dóms Hæstaréttar Íslands frá 17. desember 1993 í málinu nr. 450/1993, þar sem gerðarbeiðandi hafi í því máli náð vörslum hins fjárnumda, áður en til gjaldþrotaskipta gerðarpóla hafi komið.

Við málflutning gerði lögmaður stefnda athugasemdir við upphafsdag dráttarvaxtakröfu stefnanda og kvað óeðlilegt, að stefnandi gæti krafist dráttarvaxta frá þeim degi, er ætluð skuld stefnda við stefnanda á fyrst mögulega að hafa getað stofnast, auk þess sem dráttarvaxta væri einnig krafist frá fyrra tímamarki skv. skuld gerðarþola við stefnanda. Ætti frekar að miða við 7. gr. vaxtalaga í þessu sambandi.

V.

Fyrir dóminum gáfu skýrslur Magnús Bjarnason, stjórnarformaður stefnda, Jónas Guðmundsson, sýslumaður í Bolungarvík, og Jón Sigfús Sigurjónsson hdl., skiptastjóri þrotabús Júpíters hf.

Magnús Bjarnason kvað Júpíter, RE-161, oft áður hafa landað afla hjá stefnda. Venja sé í viðskiptum sem þessum, að þegar búið sé að vinna afla, sé hann veðsettur banka. Venjulega séu veðsettar einu sinni í viku afurðir, sem framleiddar eru úr loðnu. Seljandi afla fái venjulega greitt, þegar afli hafi verið veðsettur með framangreindum hætti og stefndi fengið lán úr banka út á afurðirnar. Í þessu tilviki hafi bankinn lánað stefnda út á 52,5% af brúttóverðmæti aflans, en hinn hluti aflans hafi farið í lögboðin gjöld til ýmissa sjóða, eins og tíðkist. Hafi peningar þeir, sem um er deilt í málinu, verið til hjá fyrirtækinu með þeim hætti, sem hér er rakið, frá því að farmurinn var veðsettur um líkt leyti og honum var landað og þar til andvirði hans var greitt skiptastjóra þrotabús Júpíters hf. Stefndi hafi sama dag og endurupptaka fjárnámsins fór fram, 6. apríl 1993, fengið áðurgreint bréf frá sýslumanni um að greiða peningana inn á tékkareikning nr. 1 við Sparisjóð Bolungarvíkur. Ástæða þess, að stefndi gerði það ekki, hefði verið sú m. a., að lögmaður Júpíters hf. hefði haft samband við stefnda og óskað eftir, að stefndi greiddi ekki strax, þar sem ágreiningur væri um aðfarargerð og í undirbúningi væri að vísa honum til Héraðsdóms Vestfjarða. Skiptastjóra hefðu hins vegar verið afhentir peningarnir, þar sem það hefði verið talið skylt af hálfu stefnda vegna þeirra lagaraka, sem komið hefðu fram í bréfi skiptastjórans, er hann hefði vísað í 138. gr. laga nr. 21/1991.

Vitnið Jónas Guðmundsson, sýslumaður í Bolungarvík, kvaðst hafa talað við fyrirsvarsmann stefnda í síma eftir fjárnámið 15. febrúar 1993. Vitnið kvaðst vilja fullyrða, að það hefði símleiðis tilkynnt gerðarþola um endurupptökuna, fljótlega eftir að hún fór fram, en auk þess hefði skiptastjóri einnig frétt síðar af endurupptökunni í símtali við vitnið. Vitnið kvaðst hafa á þeim tíma, sem fjárnámið var endurupptekið, haft einhvern pata af því, að til stæði að vísa ágreiningi um það til Héraðsdóms Vestfjarða, þar sem það hefði fengið ósk um það frá gerðarþola að senda honum endurrit fjár-

námsins, sbr. áður greint bréf lögmanns gerðarpola, dagsett 2. mars 1993. Hins vegar hefði vitnið ekki haft vitneskju um, hvort ágreiningnum hefði verið skotið til dómsins. Vitnið kvaðst þó minnast þess, að lögmaður gerðarpola hefði talað við sig í síma og haft uppi athugasemdir um efni bréfs vitnisins til stefnda. Vitnið kvaðst ekki telja, að skilja bæri orð bréfs síns til stefnda á þann veg, að stefndi hefði einhvern frest til að leggja peningana á bankabók sýslumannsembættisins. Vitnið kvaðst, að því er það minnti, telja sig hafa haft vitneskju um, er endurupptaka fór fram, að pengarnir hefðu verið til reiðu hjá stefnda.

Fram kom hjá skiptastjóra þrotabús Júpíters hf., að skiptum búsins væri ekki enn lokið, en kröfúlýsingarfrestur væri runninn út. Fullyrða mætti, að ekkert fengist greitt upp í almennar kröfur á hendur þrotabúinu. Þá var einnig upplýst í réttinum, að stefnandi hefði ekki komið með kröfu á hendur þrotabúinu um, að búinu bæri að greiða sér utan skuldaraðar fjárhæð þá, sem um er deilt í máli þessu.

VI.

Álit dómsins.

EKKI verður fallist á þær fullyrðingar stefnanda í málflutningi, að eftir endurupptöku fjárnámsins 6. apríl 1993 hafi sýslumaður haft hinar „raunverulegu“ vörslur hins umdeilda fjár eða kröfu í skilningi aðfararlaga nr. 90/1989. Mál þetta fjallar um, hvort stefndi hafi bakað sér bótaábyrgð gagnvart stefnanda með því að hafa á tímabilinu frá 6. apríl 1993, er endurupptaka fjárnámsins fór fram, til 13. sama mánaðar, er Júpíter hf. beiddist gjaldprotaskipta, látið hjá líða að greiða sýslumanni í Bolungarvík hina umkröfðu fjárhæð, en í stað þess greitt skiptastjóra þrotabús Júpíters hf. fjárhæðina 21. apríl 1993.

Pungamiðja í rökstuðningi stefnanda fyrir kröfum sínum er túlkun hans og tilvísun til dóms Hæstaréttar Íslands frá 17. desember 1993 í máli nr. 450/1993. Verður því nokkuð að rekja niðurstöðu þess dóms. Þar sýnast atvik hafa verið að mörgu leyti sambærileg atvikum í þessu máli. Þá var þó verið að deila um gildi fjárnámsgerðar, sem sýslumaður í Bolungarvík hafði gert á hendur Júpíter hf. að beiðni Mjólnis hf. á svipuðum tíma og það fjárnám var gert, sem fjallað er um í þessu máli. Gert hafði verið sambærilegt fjárnám í loðnufarmi, sem fiskvinnslufyrirtæki á Akranesi tók til vinnslu. Eftir sams konar bréf sýslumannsins í Bolungarvík að lokinni endurupptöku fjárnáms greiddi fiskvinnslufyrirtækið andvirði kröfunnar inn á reikning sýslumannsembættisins, nokkrum dögum áður en Júpíter hf. beiddist gjaldprotaskipta. Í dómi Hæstaréttar segir, að sýslumaður hefði, eins og at-

vikum var háttað, átt að fresta greiðslu til gerðarbeiðanda í fjórar vikur, þ. e. þann tíma, sem gerðarþoli, síðar þrotabúið, hafði til að skjóta lögmæti fjárnáms til dómstóla. Þá segir: „Sú frestun gat þó ekki, úr því sem komið var, raskað rétti, sem gjörðarbeiðandi hafði þegar öðlast gagnvart gjörðarþola með viðtöku sýslumanns á greiðslu fjárnámskröfunnar í umboði hans 7. apríl, viku áður en fram kom beiðni um, að bú gjörðarþola yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Ákvæði 72. gr., sbr. 138. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl., sem varnaraðili vísar til í því efni, fá ekki breytt þessari niðurstöðu, sem er í samræmi við ákvæði 50. gr. laga um aðför nr. 19/1887, sem áður giltu. Verður að telja, að sú grunnregla sé enn í gildi. ...“

Í athugasemdum með 138. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. kemur fram, að ákvæði 138. gr. séu að þessu leyti sama efnis og 58. gr. laga nr. 6/1978.

Við setningu laganna frá 1978 var mest stuðst við danska lagafrumvarpið um gjaldþrotaskipti. Í greinargerð með nefndri 58. gr. segir m. a.: „Hafi fullnustugerð farið þannig fram, að fógeti hafi tekið peninga, bankabækur eða slíkt frá gerðarþola og greitt gerðarbeiðanda, gildir gr. Svo sem orðalagið ber með sér, falla réttaráhrif fullnustugerðar niður af sjálfu sér, og er riftunarmál því óþarft. Hafi eign, sem aðfararveð var í, verið seld á nauðungaruppbóði, gildir 58. gr. ekki.“

Í Danmörku er í gildi samsvarandi regla um gildi fjárnáma, sem gerð hafa verið innan þriggja mánaða frá frestdegi, en þar hefur reglunni verið beitt á þann veg, að hún nái einnig til fjárnáms, þótt aðfararveð hafi síðar verið selt á nauðungaruppbóði.

Ákvæði 1. mgr. 138. gr. laga nr. 21/1991 eru m. a. til að koma í veg fyrir óeðlilegt kapphlaup kröfuhafa um eignir skuldara skömmu fyrir gjaldþrot skuldara og til að tryggja jafna stöðu kröfuhafa við gjaldþrot, en fjárnám skömmu fyrir gjaldþrot veitir ákveðnar líkur fyrir því, að þrotabúi hafi verið ógjaldfært, er fjárnám fór fram, eins og var í því tilviki, sem þetta mál fjallar um, þar sem endurupptaka á fjárnámi fór fram tæpri viku áður en Júpíter hf. beiddist gjaldþrotaskipta. Telja verður, að hin hlutlæga regla 138. gr. laga nr. 21/1991 hafi átt við í þessu tilviki.

Tilvitnaður dómur Hæstaréttar Íslands þykir ekki breyta þessu. Í því máli var verið að deila um gildi fjárnámsgerðar, sem ekki varð haggð, „úr því sem komið var“, þ. e., eftir að sýslumaður hafði fengið í sínar hendur greiðslu fjárnámskröfunnar „í umboði gerðarbeiðanda“, sem þannig öðlaðist fullnustu kröfu sinnar.

Verður að hafa í huga við úrlausn þessa máls, að stefndi var ekki gerðarþoli og hafði ekki boðið fram greiðslu kröfunnar í skilningi 4. mgr. 57. gr.

laga nr. 90/1989. Hins vegar virðist, eins og rakið hefur verið, sem endurupptaka fjárnámsins hafi farið fram vegna þeirrar fullyrðingar stefnanda í beiðni um endurupptöku, að greiðsla væri til reiðu í skilningi ákvæðisins.

Samkvæmt framansögðu telst það því ekki skaðabótaskyldt athafnaleyssi af hálfu stefnda að greiða ekki kröfuna innan viku þrátt fyrir eins konar kröfu-, eða innheimtubréf sýslumanns, sem ritað var í framhaldi endurupptöku fjárnámsgerðarinnar gagnvart Júpíter hf. Þá telst stefndi ekki heldur hafa bakað sér ábyrgð með því að greiða skiptastjóra kröfuna að hans ósk, eftir að bú Júpíters hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta. Stefndi verður því sýknaður af kröfum stefnanda.

Vegna vafa um niðurstöðu í málinu og með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála skal hvor aðili bera sinn kostnað af málinu.

Ólafur Börkur Þorvaldsson héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Hraðfrystihús Eskifjarðar hf., kt. 630169-4299, skal í máli þessu vera sýkn af kröfum stefnanda, Fjöltnis hf., kt. 490775-0219.

Málkostnaður fellur niður.
